

Foreldrahandbók



Leikskólinn Laugaland

Efnisyfirlit

Velkomin í Leikskólann Laugaland.....	2
Almennar upplýsingar	3
Opnunartími og vistunartími.....	3
Skóladagatal, sumarfrí og skráningardagar	3
Dvalarsamningur og breytingar.....	3
Veikindi barna	4
Lyfjagjafir og læknisvottorð.....	4
Samskipti við leikskólann	5
Að byrja í leikskóla – aðlögun.....	5
Miðlun upplýsinga.....	6
Daglegt starf	6
Jákvæður agi	6
Fatahólf og fatnaður.....	7
Matmálstímar.....	7
Hvíldartími.....	8
Leikföng og nesti	8
Afmæli.....	8
Snemmtæk íhlutun.....	9
Stoðþjónusta	9
Skólaþjónusta	9
Foreldrasamstarf	9
Foreldrasamtal	10
Foreldrafélag	10
Foreldraráð.....	10
Tilkynningaskylda	11

Velkomin í Leikskólann Laugaland

Leikskólinn Laugaland tók til starfa í maí 1996 og var þá staðsettur í Mýrarkoti, húsnæði sem nú hefur verið rífið. Sumarið 2007 flutti leikskólinn í sama húsnæði og hýsir Laugalandsskóla, í rými sem áður hét Súlnasalur. Fyrstu 20 árin var leikskólinn einnar deildar en 1. september 2017 var starfsemi leikskólans skipt upp í eldri og yngri deild. Yngri deildin fékk nafnið Holt og er hún áfram til húsa í gamla Súlnasalnum. Eldri deildin fékk nafnið Land og er hún staðsett á efri hæð hússins, í þeim hluta hússins sem áður hýsti sveitarstjórnarskrifstofur Holta- og Landsveitar. Í desember 2024 opnaði þriðja deild leikskólans. Sú deild fékk nafnið Ásar og er staðsett í þeim hluta hússins sem áður hýsti sveitarstjórnarskrifstofur Ásahrepps.

Áætlað er að fjöldi barna við leikskólann verði 44 veturinn 2025-2026.

Byggðasamlagið Oddi bs. er rekstraraðili leikskólans en að baki byggðasamlaginu standa sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur. Í gegnum byggðasamlagið reka þessi sveitarfélög fjórar skólastofnanir, Leikskólann Laugaland, Laugalandsskóla, leikskólann Heklukot og Grunnskólann á Hellu.

Mikilvægt er fyrir alla foreldra að kynna sér foreldrahandbók skólans og upplýsingar á heimasíðu skólans.

Leikskólastjóri

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Sími: 487 6633

Netfang: leikskolinn@laugaland.is

Veffang: [http: leikskolinnlaugaland.ry.is](http://leikskolinnlaugaland.ry.is)

Almennar upplýsingar

Opnunartími og vistunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 8:00 – 16:00 mánudaga til fimmtudaga en 8:00-14:00 á föstudögum. Hægt er að sækja um að vistun hefjist kl. 7:45 eða ljúki kl. 16:15, sé hægt að verða við beiðninni er greitt aukagjald fyrir þann tíma. Þá er hægt að sækja um vistun milli 14 og 16 á föstudögum en greitt er hærra gjald fyrir þann tíma.

Einnig er hægt að óska eftir sveigjanlegum vistunartíma, lágmarks vistunartími er þó 20 klukkustundir á viku. Með sveigjanlegum vistunartíma er átt við að hægt er að hafa barn 6 klukkustundir einn dag og 8 klukkustundir annan dag, eða að barnið sé aldrei í vistun ákveðna daga vikunnar.

Gjaldskrá leikskólans má nálgast á heimasíðu leikskólans, en gjaldskrá er uppfærð um hver áramót.

Skóladagatal, sumarfrí og skráningardagar

Leikskólinn starfar í samræmi við leikskóladagatal hvers árs. Á dagatalinu má sjá alla fyrirfram ákveðna uppbrotsdaga, starfsdaga og almenna frídaga. Á hverju sumri er leikskólinn lokaður í 5 vikur og fellur greiðsla skólagjalda niður fyrir þann tíma. Hægt er að óska eftir einni gjaldfrjálsri aukaviku í samfellu við sumarlokun og þurfa foreldrar að upplýsa leikskólastjóra um aukafrí áður en sumarfrí hefst. Öll leyfi sem tekin eru umfram þessar vikur greiðast að fullu eins og um eðlilegan skólatíma sé að ræða. Sé fyrirséð að barn verði í löngu leyfi er þó hægt að óska eftir niðurfellingu fæðisgjalds fyrir tímabil sem eru lengri en tvær vikur.

Skráningardagar eru í desember, í kringum jólahátíðina og í dymbilviku. Með skráningardögum er átt við að leikskólinn sé lokaður og gjöld séu felld niður en hægt sé að óska eftir vistun þessa daga gegn greiðslu sérstaks gjalds.

Dvalarsamningur og breytingar

Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar undir dvalarsamning þar sem fram kemur upphaf leikskólagöngu og vistunartími. Leikskólagjald er innheimt af Rangárþingi ytra og er það greitt fyrirfram, einn mánuði í senn. Verði vanskil á gjöldum í þrjá mánuði er samningnum rift og er starfsfólki þá ekki lengur heimilt að taka við barninu til dvalar í leikskólanum. Sé komið með barn til vistunar eða það sótt utan þess tíma sem dvalarsamningur segir til

um er greitt fyrir þann tíma aukagjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Óski foreldrar eftir að kaupa staka auka tíma er það gert skriflega á þar til gerðu eyðublaði og metur leikskólastjóri þá hverju sinni hvort hægt sé að verða við beiðninni.

Þurfi leikskóli að skerða vistun barns, t.d. vegna manneklu, þá er sá tími dreginn frá leikskólagjöldum í lok hverrar annar.

Óski foreldrar eftir að gera breytingar á vistunartíma barns eða segja upp leikskólaplássi skal það gert með mánaðarfyrirvara á þar til gerðu eyðublaði.

Veikindi barna

Leikskólar eru ætlaðir frískum börnum. Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það getur tekið fullan þátt í leikskólastarfinu, bæði úti og inni. Séu veikindi langvarandi og þörf fyrir mikil frávík frá venjubundnu daglegu starfi er hvert tilfelli skoðað sérstaklega í samráði leikskóla og foreldra. Í einhverjum tilfellum þurfa foreldrar að framvísa læknisvottorði.

Ef barn sýnir vanlíðan á leikskólatíma metur starfsfólk það í samráði við stjórnendur hvort barnið geti verið áfram í leikskólanum. Mikilvægt er að hafa í huga að veikindi geta falist í fleiru en bara hita.

Mikilvægt er að foreldrar tilkynna til leikskóla ef barn er með smitandi sjúkdóm eða ef upp kemur njálgur eða lús.

Lyfjagjafir og læknisvottorð

Almennt eru börnum ekki gefin lyf í leikskólanum. Undantekningar frá þeirri reglu er lyf á borð við bráðaofnæmislyf, astmalyf og lyf við sykursýki. Í slíkum tilfellum þurfa foreldrar að koma með ítarlegar leiðbeiningar ásamt tilmælum frá lækni um að lyfið þurfi að gefa á leikskólatíma.

Hafi barnið fæðuofnæmi þurfa foreldrar að koma með læknisvottorð þar sem fram kemur hvaða fæðu barn má ekki fá. Leikskólinn sér um að mötuneyti skólans tryggi barninu sérfæði. Læknisvottorð þarf að endurnýja við upphaf hvers skólaárs.

Samskipti við leikskólann

Góð samskipti milli heimilis og leikskóla eru undirstaða farsællar leikskólagöngu. Afar mikilvægt er að foreldrar tilkynni leikskóla ef breytingar verða á högum fjölskyldunnar. Allar breytingar geta haft áhrif á líðan barns og er því mikilvægt að foreldrar láti vita ef t.d. alvarleg veikindi koma upp eða ef hjúskaparstaða breytist. Þá er einnig mikilvægt að upplýsa um breytingar á netföngum, símanúmerum eða heimilisfangi.

Komi upp þær aðstæður að barn sé ósátt við að koma í leikskólann er afar mikilvægt að ræða við deildarstjóra svo hægt sé að finna leiðir til að auka vellíðan barnsins.

Mikilvægt er að foreldrar láti vita af því ef aðrir en foreldrar koma að sækja barnið. Af öryggisástæðum er starfsfólki með öllu óheimilt að afhenda öðrum barnið en þeim sem foreldrar hafa þegar upplýst skólann um að hafi leyfi til að sækja barnið. Þá óheimilt að láta börn yngri en 12 ára sækja barnið í leikskólann.

Að byrja í leikskóla – aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir bæði barnið og foreldra þess. Góð aðlögun er því mjög þýðingarmikil fyrir áframhaldandi dvöl barnsins í leikskólanum. Áður en aðlögun hefst fá foreldrar sendan tölvupóst með upplýsingum um hvernig aðlögun verði háttað. Á meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að barnið fái að skoða sig um og kynnast hinu nýja umhverfi ásamt því að foreldrar kynnist starfinu sem fram fer á deildinni og starfsfólki leikskólans.

Markmið aðlögunar eru að barnið nái að mynda tengsl við einn eða fleiri starfsmenn, svo það geti sýnt starfsfólki það traust að leita til þess eftir stuðningi og aðstoð. Aðlögun er ekki síður til þess að traust skapist milli foreldra og starfsfólks, en það er afar mikilvægt að foreldrar finni fyrir trausti gagnvart leikskólanum og líði vel með að skilja barnið sitt eftir í höndum starfsfólks deildarinnar.

Aðlögun er skipulögð með hliðsjón af almennri áætlun um aðlögun en afar mikilvægt er að aðlögun sé einnig skipulögð í samstarfi við foreldra og með þarfir barnsins í huga. Sumum börnum dugar ein vika til aðlögunar á meðan að önnur börn þurfa hægari aðlögun.

Mikilvægt er að foreldrar sýni því skilning ef aðlögun tekur lengri tíma en áætlað var í upphafi, það skilar sér í öruggara og ánægðara barni þegar fram líða stundir.

Miðlun upplýsinga

Á heimasíðu leikskólans má finna allar formlegar upplýsingar varðandi leikskólann og skólastarfið. Þá er leikskólinn með lokaða Facebook síðu þar sem ýmsar upplýsingar birtast. Þá hefur leikskólinn tekið í notkun samskiptaforritið Kinderpedia sem ætlað er að bæta og einfalda upplýsingagjöf frá leikskólanum til foreldra. Þar munu einnig birtast myndir úr starfinu og stuttar fréttir frá hverri deild. Kinderpedia er í framhaldinu ætlað að koma í stað Facebooksíðu og tölvupósta frá deildum, þannig að öll upplýsingagjöf verði á einum stað. Foreldrar geta einnig sent skilaboð á deildir í gegnum forritið ásamt því að skrá veikindi eða fjarveru og er það von okkar að með tilkomu forritsins verði einfaldara fyrir bæði starfsfólk og foreldra að miðla upplýsingum milli heimilis og skóla.

Daglegt starf

Leikskólinn starfar í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla, skólastefnu sveitarfélagsins, skólanámskrá leikskólans og ársáætlun. Hver deildarstjóri skipuleggur starf deildarinnar út frá þessum þáttum en rauður þráður í öllu starfi er að hafa leikinn í forgrunni. Leikur er helsta námsleið barna og í leik barna á sér stað mikið nám.

Stundaskrá er rammi deildarinnar utan um starf hvers dags og má finna stundatöflur deildanna inni á heimasíðu leikskólans. Hvern dag er unnið með fjölbreytt efni og má þar helst nefna Tákn með tali, Lubba, Vináttuverkefnið Blæ, jóga, Bínu bálreiðu, barnafundi í anda jákvæðs aga, sköpun, hreyfingu og leik. Nánar má lesa um hvern og einn þátt í handbók okkar um snemmtæka íhlutun í málþroska.

Jákvæður agi

Leikskólinn Laugaland fylgir agastefnu sem nefnist Jákvæður agi. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í leikskólanum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, góðvild og festu. Stefnan byggir á sjálfstjórnarkenningum og er því horft til orsaka hegðunar fremur en að stýra hegðun með umbun eða refsingum. Horft er á mistök sem tækifæri til náms og saman æfum við börnin í að leita lausna. Börn þurfa að finna að borin sé umhyggja fyrir þeim eins og þau eru og upplifa góðvild og festu í samskiptum við fullorðna. Jákvæður agi kennir börnum félagsfærni og lífsleikni og það er hlutverk hinna fullorðna að byggja samband væntumþykju og virðingar og skapa styðjandi umhverfi fyrir börnin.

Fatahólf og fatnaður

Mikilvægt er að börnin hafi meðferðis þann fatnað sem þarf til að geta tekið þátt í starfi leikskólans hvern dag. Útifatnaður sem hafa þarf í hólfi er: pollagalli, kuldagalli, úlpa, ullarpeysa, stígvel, kuldaskór, húfa, ullarsokkar og ullarvettlingar. Þegar veður er gott má skipta kuldagalla út fyrir léttan jakka og þykkum húfum og vettlingum út fyrir þynnri fatnað.

Leikskólinn er lifandi staður og þar er unnið með ýmislegt sem sest getur í föt barnanna, því er mikilvægt að börnin séu í fatnaði sem sjást má á. Þá er best að föt séu nægilega víð og þægileg svo börnin geti auðveldlega hreyft sig og eigi auðvelt með að klæða sig sjálf í og úr fatnaði.

Mikilvægt er að börnin séu með aukaföt við hæfi í hólfunum sínum, svo sem buxur, peysur, boli, sokka og nærföt. Foreldrar þurfa síðan að fylgjast með því að nóg sé af aukafötum í hólfi. Á því tímabili sem barn er að hætta með bleyju er sérstaklega mikilvægt að fylgst sé vel með þessu þar sem börnin gætu þurft að skipta oftar um föt.

Ekki er gert ráð fyrir að töskur eða fatapokar séu geymdar í hólfum barnanna, það hindrar þau í að sækja það sem þau vantar hverju sinni. Þá skal tæma útifatahólf á hverjum föstudegi svo hægt sé að þrifa hólfin.

Mikilvægt er að foreldrar hugsi vel um fatahólf barnanna sinna og fylgist með því hvort eitthvað vanti. Þá skal merkja allan fatnað barnanna, þá er minni hætt á að þau týnist.

Athugið að foreldrar þurfa sjálfir að koma með bleyjur í leikskólann fyrir þau börn sem nota þær. Starfsfólk lætur foreldra síðan vita þegar bleyjur eru að klárast.

Matmálstímar

Í leikskólanum er boðið upp á þrjár máltíðir á dag til viðbótar við ávaxtastund að morgni. Í morgunmat er boðið upp á ab mjólk, hafragraut og Cheerios, í ávaxtastund er boðið upp á 2-3 tegundir ávaxta, í hádegismat er boðið upp á fjölbreyttan og staðgóðan mat frá mötuneyti Laugalandsskóla og í nónhressingu er boðið upp brauð, hrökkbrauð og tekex/hafrakex ásamt áleggi. Matseðil fyrir hádegismat má finna á heimasíðu leikskólans.

Athugið að morgunmatur er frá 8:00-8:30, komi barn eftir þann tíma er ætlast til að það hafi borðað heima.

Hvíldartími

Í leikskólanum fara öll börn í hvíld að loknum hádegismat. Þrátt fyrir að svefnþörf barna sé mjög einstaklingsbundin þá þurfa allir á hvíld að halda. Fá barnið ekki næga hvíld á þessum tíma getur síðari hluti dagsins orðið barninu erfiður. Eðlilegt er að barnið þurfi meiri hvíld í leikskólanum heldur en heima hjá sér þar sem áreitið í leikskólanum er oftast meira.

Hvíldartími er misjafn eftir aldri og þörf barnanna, á meðan yngstu börnin leggja sig og sofa jafnvel í tvær klukkustundir eiga elstu börnin rólega stund þar sem þau hlusta á lestur eða fara í jóga.

Telji foreldrar barn sitt sofa of lengi í leikskólanum, þannig að trufla nætursvefn, er mikilvægt að ræða við deildarstjóra og finna lausn á því hversu mikinn svefn barnið þarf, bæði til að það hafi næga orku í leikskólastarfið en einnig til að ná fullum nætursvefni.

Leikföng og nesti

Ekki er leyfilegt að koma með leikföng að heiman í leikskólann, þó svo ætlunin sé að geyma leikföngin í hólfi barnsins. Leikfang í hólfi getur haft mjög truflandi áhrif á barnið og önnur börn og valdið óþarfa árekstrum. Leyfilegt er að taka með sér bangsa til að hafa í hvíld og er bangsinn þá geymdur í kassa í hvíldarrými.

Ekki er leyfilegt að koma með mat að heiman inn á leikskólann þar sem það getur verið ofnæmisvaldandi öðrum börnum.

Afmæli

Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns og er haldið hátíðlega upp á daginn í leikskólanum.

Afmælisbarnið fær að föndra kórónu sem það síðan tekur með sér heim og saman syngjum við afmælissönginn. Eigi barn afmæli þegar leikskólinn er lokaður fær barnið sinn afmælisdag þegar það kemur í leikskólann að frínu loknu.

Vilji barn bjóða vinum sínum í afmæli biðjum við foreldra um að eiga þau samskipti beint við foreldra barnanna en ekki með því að dreifa bréfum í hólfi barnanna.

Snemmtæk íhlutun

Leikskólinn Laugaland starfar í anda snemmtækrar íhlutunar. Í því felst að fylgst er náið með þroskaframvindu hvers barns og gripið til viðeigandi ráðstafana um leið og grunur leikur á að barn glími við einhverja erfiðleika.

Stoðþjónusta

Við leikskólann starfar umsjónarmaður stoðþjónustu sem ber ábyrgð á og skipuleggur framkvæmd og endurmat stoðþjónustu í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Í því felst að halda utan um skimanir og veita ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans þegar við á. Ef grunur vaknar um að barn glími við frávík í þroska getur deildarstjóri ráðfært sig við umsjónarmann stoðþjónustu. Þetta á einnig við ef starfsmenn telja að félagslegar aðstæður barns hamli að einhverju leiti möguleikum þess til eðlilegrar framvindu í þroska.

Þær formlegu skráningar og skimanir sem leikskólinn nýtir sér í starfinu eru TRAS, Orðaskil, HLJÓM-2, íslenski smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn. Nánar má lesa um formlegar skráningar og skimanir í handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun.

Skólaþjónusta

Á vegum Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu starfar hópur sérfræðinga sem koma að málum þegar hefðbundin úrræði leikskólans skila ekki viðunandi árangri. Þeir sérfræðingar sem helst koma að málefnum leikskólabarna eru leikskólaráðgjafi, talmeinafræðingur og sálfræðingur. Nánar má lesa um verkferla í tengslum við tilvísanir í handbók leikskólans um snemmtæka íhlutun í málþroska.

Foreldrasamstarf

Gott samstarf foreldra og leikskóla er grunnur að farsælli leikskólagöngu. Þetta samstarf hefst um leið og aðlögun barns í leikskóla og aðlögunin því dýrmætur tími fyrir foreldra að kynnst bæði starfi og starfsfólki. Samstarf milli foreldra og starfsmanna byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barns síns. Foreldrar þekkja sitt barn best og hafa fylgst með þroskaferli þess frá upphafi. Leikskólakennari kynnist barninu í leikskólastarfinu og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í leikskólastarfinu. Ávallt er leitast eftir því að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra í samstarfi heimilis og skóla.

Foreldrasamtal

Við upphaf leikskólagöngu koma foreldrar í innritunarviðtal hjá leikskólastjóra. Í því viðtali er farið yfir innritunarpappíra og starfsemi leikskólans kynnt.

Á hverju hausti er haldinn kynningarfundur fyrir foreldra, þar sem leikskólastjóri og deildarstjórar kynna starfsemi leikskólans á komandi vetri.

Á hverju skólaári er boðið upp á tvö formleg foreldraviðtöl, að hausti og vori. Þá er foreldrum boðið að koma og hitta deildarstjóra í formlegu samtali til að ræða um stöðu, líðan og þroska barnsins. Utan þess má alltaf óska eftir samtali við deildarstjóra ef þörf þykir, að sama skapi getur deildarstjóri óskað eftir samtali við foreldra í annan tíma.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfrækt foreldrafélagið „Hans og Gréta“ og er aðalfundur félagsins haldinn að hausti. Fjórir foreldrar sitja í stjórn og skipa þeir sjálfkrafa einnig stjórn foreldraráðs skólans. Leikskólastjóri er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið og situr fundi þess þegar þess er óskað. Í foreldrafélaginu eru allir foreldrar sjálfkrafa félagar og greiða þangað gjald sem er innheimt með kröfu í banka. Markmið foreldrafélagsins er að standa vörð um hagsmuni barnanna og standa fyrir fræðslu, skemmtun og tilbreytingu fyrir börnin og foreldrana, sem fellur utan ramma hins daglega leikskólastarfs.

Árlega stendur foreldrafélagið fyrir nokkrum viðburðum, ásamt því að jólasveinar færa öllum börnum litla gjöf á jólaballi leikskólans. Þannig stendur félagið fyrir viðburði í tengslum við aðventu ásamt því að aðstoða við vorhátíð leikskólans. Helsta fjáröflunarleið félagsins, til viðbótar við félagsgjöld, hefur verið kökubasar á aðventuhátíð á Laugalandi, fyrsta sunnudag í aðventu. Foreldrafélagið hefur verið mikill stuðningur við leikskólann og gefið ýmis tæki og leikföng sem hafa komið sér ákaflega vel fyrir skólann.

Foreldraráð

Foreldrafélag gegnir einnig hlutverki foreldraráðs. Hlutverk foreldraráðs er töluvert formlegra en foreldrafélags þar sem foreldraráð er umsagnaraðili fyrir allar stærri breytingar sem fyrirhugaðar eru í leikskólanum. Þá situr fulltrúi foreldraráðs sem áheyrnarfulltrúi á haust- og vorfundi Odda bs. Foreldraráð skal einnig fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana sem varða starfsemi leikskólans ásamt kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Starfsreglur og gátlista foreldraráðs má finna á heimasíðu leikskólans.

Tilkynningaskylda

Hafi starfsmenn áhyggjur af því að barn búi á einhvern hátt við óviðunandi aðstæður sem geti ógnað þroska þess eða vellíðan ber leikskólanum skylda til að tilkynna slíkt til barnaverndarþjónustu. Það sama á við komi til þess að starfsfólk þurfi að gera ítrekaðar athugasemdir við foreldra varðandi aðbúnað barns. Þessar skyldur eru í samræmi við Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Þessi handbók var uppfærð í janúar 2026. Kristín Ósk Ómarsdóttir